

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
21. fundur
haldinn að Lyngási, 20. nóvember 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphédinn G. Þórisson, Magnhildur Björnsdóttir og Björn Ármann Ólafsson. Þórhallur Þorsteinsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður. Gestur fundarins, Guðrún Á. Jónsdóttir, sat fyrsta lið.

Dagskrá:

- 1. Kynning á verndaráætlun fyrir austursvæði – umræða um jaðarsvæði**
- 2. Skýrslur landvarða vegna sumars 2008**
- 3. Kynningarfundur á Vatnajökulspjóðgarði hér eystra 9. janúar**
- 4. Kynning á Vatnajökulspjóðgarði í skólum á svæðinu**
- 5. Ráðstefnan á Höfn – fyrirhuguð ráðstefna hér í janúar**
- 6. Atvinnusköpun í jaðri þjóðgarðs – hvernig ætlum við að efla hana**
- 7. Sláturtertán**
- 8. Landvarðanámskeið**
- 9. Gestastofan – sýning, móta okkur hugmyndir**
- 10. Önnur mál**

Eiríkur formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.05.

1. Kynning á verndaráætlun fyrir austursvæði

Guðrún Á. Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Náttúrustofu Austurlands sem stýrir gerð verndaráætlunar fyrir austursvæði þjóðgarðsins, fór yfir hugmyndir um þau jaðarsvæði sem til greina kæmi að taka inn í verndaráætlun. Svæðisráð leggur til að Kringilsárrani, Hvannalindir, Kverkfjallarani og Krepputunga verði tekin inn í vinnu við gerð verndaráætlunar að höfðu samráði við landeigendur. Einnig verði rætt við eigendur Brúar um að taka hluta Brúardala með.

Guðrún kynnti hvernig ætlunin væri að haga vinnu við verndaráætlunina á næstu vikum. Rætt var um myndun stýrihóps með aðkomu landeigenda.

2. Skýrslur landvarða vegna sumars 2008

Þjóðgarðsvörður lagði fram skýrslur frá landvörðum á austursvæði fyrir sumarið 2008. Í skýrslunum eru m.a. ábendingar landvarðanna um hvað betur megi fara. Að mati þjóðgarðsvarðar gekk sumarið heilt yfir vel þó að ýmsu varðandi merkingar, fræðslufni og aðstöðu sé ábótavant.

3. Kynningarfundur á Vatnajökulspjóðgarði hér eystra 9. janúar

5. Ráðstefnan á Höfn - fyrirhuguð ráðstefna hér í janúar

Þjóðgarðsvörður sagði frá ráðstefnu sem haldinn var á Höfn fyrir rúmri viku um atvinnulíf og nýsköpun við lendur Vatnajökulspjóðgarðs. Til stendur að halda svipaða ráðstefnu hér fyrir austursvæðið í janúar sem Markaðsstofa Austurlands, Þróunarfélagið og Þekkingarnetið munu skipuleggja í samráði við þjóðgarðinn. Svæðisráð leggur til að fyrirhugaður kynningarfundur um Vatnajökulspjóðgarð verði haldinn um leið og ráðstefnan og stefnt að 9. janúar sem dagsetningu.

4. Kynning á Vatnajökulsþjóðgarði í skólum á svæðinu

Svæðisráð hvetur þjóðgarðsvörð til að bjóða öllum skólum á Austurlandi kynningu á Vatnajökulsþjóðgarði, jafnt grunnskólum sem framhaldsskólum.

6. Atvinnusköpun í jaðri þjóðgarðs - hvernig ætlum við að efla hana

Ráðstefnan sem haldin verður í janúar mun að miklu leyti snúast um þessi málefni. Svæðisráð leggur áherslu á að kynna ráðstefnuna vel og í framhaldi af henni verði hægt að skoða hvað gera má í framhaldinu.

7. Sláturtertán

Þjóðgarðsvörðurinn sagði frá kynningu á sláturtertun hjá Fjalladýrð í Möðrudal um sl. helgi. Gott dæmi um lítið verkefni sem skilaði athyglisverðri afurð eftir metnaðarfulla og markvissa vöruþróun með Listaháskóla Íslands og fleirum.

8. Landvarðanámsskeið

Þjóðgarðsvörður greindi frá því að til stæði að halda landvarðanámsskeið Umhverfisstofnunar hér fyrir austan á næsta ári. Svæðisráð leggur áherslu á að námskeiðið verði kynnt í námsvísi Þekkingarnets Austurlands fyrir vorönn.

9. Gestastofan – sýning

Formaður sagðist ekki hafa nein ný tíðindi af gestastofunni annað en hönnunarvinnan væri á fullu. Umræður urðu um að ekki mætti skera af framlögum til rekstrar og nauðsynlegra hluta eins og merkinga til þess eins að koma upp gestastofunni.

10. Önnur mál

a) Stjórnarfundur 2. desember

Formaður greindi frá því að næsti stjórnarfundur Vatnajökulsþjóðgarðs verður haldinn 2. desember hér fyrir austan. Svæðisráð mun funda með stjórninni.

b) Heimasíða þjóðgarðsins

Rætt var um heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráð er ósátt við hversu hægt sú vinna gengur og felur formanni sínum að fylgja því máli eftir.

c) Rekstraráætlun

Þjóðgarðsvörður er að vinna rekstraráætlun austursvæðis fyrir næsta ár. Svæðisráð mun fá drög hennar send í tölvupósti og taka hana fyrir formlega áður en hún verður send áfram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.20.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Magnhildur Björnsdóttir

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson